

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður Ásmundarstöðum



Dags eftirlits	5.7.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Reykjagarður	Eftirlitsmaður	Rakel Kristjánsdóttir
Heimili	Ásmundarstaðir	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6509032180	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingþórsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hilmarsd./Ómar Eyvindss.	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins í Reykjagarð Ásmundarstöðum. Í eftirlitinu komu fram tvö ný frávik.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi

1. Skráningar og eftirlit skv. grein 4.1 í starfsleyfi
2. Ráðstöfun fuglaskíts
3. Ráðstöfun úrgangs
4. Mengunarnáminn skv. greinum 3.13 og 3.17
5. Önnur mál

Eftirlitið hófst með kynningu á starfseminni. Annars vegar eru flutt inn frjóg egg frá Svíþjóð og hins vegar ræktað í búinu sjálfu. Á Ásmundarstöðum er fuglinn alinn í stofnhúsunum frá 18-20 viku gömlum til u.p.b. 52-54 vikna. Í eldihúsunum eru fuglinn alinn í 34-36 daga.

1. Daglegar skráningar eru gerðar á blöð yfir vatns og fôðurnotkun, talning dauðra fugla og fjölda fugla í húsunum ofl. vikulega eru skýrslublöðin færð inn í tölvukerfi sem gerir ítarlegri skýrslu. Í eftirlitinu voru lögð fram gögn um fôðurtegundir. Engin lyf eru notuð. Þrjár þrískiptar rotþrær með siturbeði eru tengdar stofnhúsunum. Hreinsikerfin voru endurnýjuð árið 2015. Síðast var tæmt úr siturbeðinu í október 2017 og er komið að því að þurfa að tæma að nýju. Í eldishúsunum eru fjórar þrískiptar rotþrær með siturbeðum sem voru endurnýjuð árið 2017. Reikningar frá Holræsaþjónustunni sem hefur þjónustað rotþrærnar og siturbeðin voru lagðir fram ásamt upplýsingum um hreinsiefni sem notuð eru við þvotta.

2. Fuglaskít er mokað út með hjólaskóflu og geymdur í lokuðum gámum. Reglulega eru hann fluttur til Landgræðslunnar og sér Gámaþjónusta Suðurlands um þá flutninga. Reikningar liggja fyrir um flutningana.

3. Gámaþjónusta Suðurlands tekur við almennum úrgangi. Einn ruslagámur er á lóðinni fyrir almennt rusl og 4 kór af dýrahæjum. Kór með dýrahæjum eru tæmd tvisvar sinnum í viku.

4. Loftræsikerfin eru með hita og rakanemum sem senda út viðvaranir eftir þörfum. Kerfið er tengt brunavarnarkerfi hjá Öryggismiðstöðinni. Hitaveituvatn er nýtt í gólfhita í húsunum og síðan leitt út um fjórar lagnir frá eldishúsunum en frá hverju og þrjár frá stofnhúsum. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar. Verktakar sjá um þrif á húsunum og liggja fyrir reikningar fyrir hver þrif og þar með tíðni á þrifum. Hjólaskófla sem notuð er til að moka út er þvegin innanhúss þar sem að frárennsli er tengt í rotþró og siturbeð. Flutningabílar og annað er þrifið utan Ásmundarstaða.

5. Rætt var um viðbráðsreglur vegna mengunaráhappa skv. grein 4.3 í starfsleyfi. Slíkar viðbráðsreglur eru ekki skriflegar hjá rekstraraðilanum. Ekið var um lóðina hjá stofnhúsunum og eldishúsunum. Snyrtilegt var um að lífast. Unnið er að frágangi lóðar við eldishúsin og viðhaldi á elstu húsunum.

Frávik frá

grein 1.6 (reglugerð 35/2004 brottfallinn með nýrri reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi)

Lýsing á frávikum

Olíutankar eru við eldis og varaafisstöð án lekavarna og/eða árekstravarna. Einnig var sjáanlegur úrgangsolíutankur án leka og árekstravarna.

grein 4.3 í starfsleyfi

Viðbragðsreglur vegna mengunaróhappa liggja ekki fyrir hjá rekstraraðila. Slikar reglur skulu vera skriflegar og kynntar reglulega fyrir starfsmönnum.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.07.2018


Halla Einarsson
Halla Einarsson